


Alþingi
Erindi nr. P 135/2844
komudagur 20.5.2008



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbréf 5806301,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. maí 2008

Frumvarp til laga um fiskeldi mál nr. 530.

Veidimálastofnun hefur verið beðin um umsögn um frumvarp til laga um fiskeldi. Lög um fiskeldi eru í tvennum lögum eins og greint er frá í greinargerð með frumvarpinu. Stafar það af því að áður var fiskeldi á forræði tveggja ráðuneyta sem nú hafa sameinast. Í frumvarpinu eru þessi lög það eru lög um eldi vatnafiska og lög um eldi nytjastofna sjávar skrifuð saman. Stuðst er við lögin um eldi vatnafiska hvað varðar umsetningu og umgjörð, enda eru þau nýrri og voru endurskoðuð árið 2006. Sameining þessara laga er mjög til bóta og til þess fallin að gera lagaumgjörð um fiskeldi mun skýrari en áður var.

Gæta þarf þess ef frumvarp nr. 531 verður að lögum þá verður stjórnýsla á þessu sviði á höndum Fiskistofu en ekki Matvælastofnunar og þarf þá viðeigandi breytingar í texta frumvarpsins.

Veidimálastofnun leggur eindregið til að framkomið frumvarp verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri